

# ÍSLENDINGUR

BLAÐ SJÁLFBÆÐISMANNA Í NORDURLANDSKJÖRDÆMI EYSTRÁ

49. ÁRGANGUR · FÖSTUDAGUR 18. OKT. 1963 · 40. TÖLUBLAÐ

## LÍKAÐI BETUR SJÓMENNASKA EN HJÁSETA

Er 72 ára og mikið til hættur að dansa

Rætt við Vigfús Vigfússon, sjómann og iðnverkamann á Akureyri

FEIM fer nú smátt og smátt fækkandi hákarla-sjómönnunum, sem settu einna skýrastan svip á íslensku sjómannastéttina fyrir og um aldamótin síðustu og nokkuð fram á núliðandi öld. Þó eru þeir engnaveginn allir fallnir fyrir borð á lífsfleytunni, og má jafnvel enn í dag finna þá inni í vélaglaumi stóriðju nútímans, þar sem þeir vinna fullan vinnudag og oft nokkur betur.

Einn slíkan heimsótti frétta- maður blaðsins á sunnudaginn var að heimili hans Eidsvalla- götu 8 á Oddeyri. Heitir hann Vigfús Vigfússon og er starfs- maður í Klæðaverksmiðjunni Gefjun. Í nábýli eða sambýli við hann er alnafni hans og son ur, Vigfús junior, en við erum komnir til að hitta „seniorinn“, sem á að hafa meiri lífsreynslu og sögu að baki.

Smali og sjómaður.


— Saga mín er ekkert merki- legri en hvers annars alþýðu- manns, segir Vigfús, — en lífs- reynslu ætti ég að hafa engu minni en mér yngri menn og kannske á borð við aðra jafn- aldra mína. Ég hef stundað bæði sjósókn og landvinnu líkt og fjölmargir aðrir á mínu reki.

— Þú ert Eyfirðingur, Vig- fús?

— Já, ég er fæddur að Hellu á Árskógsströnd 28. júlí 1891, og er því á þriðja árinu yfir sjö- tugt. Foreldrar mínir bjuggu þar, en auk búskapar stundaði

faðir minn nokkra útgerð, — gerði meira að segja út frá Ól- afsfirði á sumrum.

— Og þú hefur alizt upp með foreldrum þínum?



Vigfús Vigfússon.

— Ekki nema fram um 7 ára aldur. Þá fórst faðir minn af slysförum, og skömmu síðar bil- aði heilsa móður minnar svo, að hún varð að hætta búskapnum. Var mér þá komið fyrir að Hjalla á Látraströnd. Þegar faðir minn dó, vorum við flutt í Hellugerði, nýbýli úr landi Hellu, sem löngu er komið í eyði.

— Ég réðst til Jóns Friðbjarnar- sonar bónda á Hjalla og varð þar smali.

— Hvernig líkaði þér það starf?

— Heldur illa. Kvíærnar voru í gæzlu allan sólarhring- inn, þar til leið að hausti. Það féll í minn hlut að gæta þeirra á nóttunni. Mér leiddist einver- an yfir rollunum. Fermingarár- ið mitt fluttist ég í vist að Svín- árnesi, en þaðan var nokkur út- gerð. Á fermingardaginn réðst ég á bátinn **Brúna**, sem Krist- inn Hafsteen átti, og síðan hef ég lengst af verið til sjós, unz ég fluttist hingað í bæinn, og

hef þó farið stöku túr á togara síðan.

Útgerð við Eyjafjörð.

— Hvað vilt þú segja okkur af sjómennsku þinni?

— Eins og ég sagði áðan, byrjaði sjómennska mín á ferm ingardaginn. Síðan var ég á ýmsum skipum, á hákarli, á þorski, á síld og allmikið á tog- urum. Þá var ég formaður á vél bátum nokkrum sinnum, minni en 12 tonna. Hafði ekki réttindi til að fara með stærri skip. Um 9 ára skeið, á árunum 1922—31 gerði ég út frá Hrísey í félagi við Helga Pálsson, fyrst „Þeng- il“ og síðar „Gideon“. Þá höfð- um við tvílembinga-útgerð á síldveiðum nokkur þessara ára í félagi við Jakob Kristinsson á „Svaninum“. Lögðum við upp til söltunar á Tuliniusarplani í Hrísey. Þá var ég oft sendur einn á báti eftir lækni eða ljós- móður í tvisýnum veðrum bæði á sjó og landi, stundum þvert yfir Eyjafjörð eða austur í (Framh. á bls. 2)

## ÍKVIKNUN

AÐFARANÓTT sl. mánudags var slökkviliðið kvatt að Ás- garði 2 í Glerárhverfi, en þar hafði kviknað í út frá olíukynd- ingu. Litlar skemmdir urðu. Á 12. tímanum á mánudaginn var slökkviliðið aftur kvatt út, þá að Hamarstíg 14, en það hús á Guðmundur Frimann skáld. Þar hafði kviknað í rafmagns- töflu í kjallara. Náðist að slökkva eldinn, og gerði hann ekki mikinn usla í húsinu, en rafkerfi þess hefur orðið fyrir meiriháttar skemmdum.

## Birgir Finnsson forseti Alþingis

SL. FÖSTUDAG fór fram á Al- þingi skipting milli deilda og forsetakjör. Forseti Sameinaðs Alþingis var kjörinn **Birgir Finnsson**, með 32 atkvæðum, en 1. varaforseti Sigurður Ágústsson og 2. varaforseti Sigurður Ingimundarson.

Í neðri deild var kjörinn for- seti **Jóhann Hafstein**, 1. varafor- seti Benedikt Gröndal og 2. varaforseti Jónas G. Rafnar.

Í efri deild var kjörinn for- seti **Sigurður Ó. Álfsson**, 1. varaforseti Eggert Þorsteinsson

## Skólar settir á Húsavík

Húsavík 14. okt.

**Barnaskólinn** var settur af skólustjóra Kára Arnórssyni þ. 1. þ. m. Í skólanum eru 217 nem- endur í 10 bekkjadeildum. Breytingar á kennaraliði eru þær, að Vény Lúðvicksdóttir og Hjörtur Tryggvason fóru frá skólanum, en Arnheiður Egg- ertsdóttir kom aftur til kennslu, einnig kennir Jóhannes Guð- mundsson tímakennslu.

Ný húsgögn hafa verið sett í allar kennslustofur og keyptar nýjar trésmíðavélur.

**Gagnfræðaskólinn** var settur af skólustjóra Sigurjóni Jóhann essyni 2. þ. m. Í skólanum eru 110 nemendur, er skiptast í bók nám og verknám. Ingvar Þórar- insson kom nú til kennslu aft- ur, en hann var sl. ár í ársleyfi og dvaldist í Bandaríkjunum. Einnig kennir nú sem stunda- kennari sr. Björn Magnússon. Ingibjörg Jósefsdóttir, sem

kennt hefur handavinnu stúlkna, hætti kennslu, en við hennar starfi tóku Bjarney Helgadóttir og Laufey Bjarna- dóttir. Fengnar hafa verið þvottavélur í skólann, svo nú er auk matreiðslu, hægt að kenna þvotta og frágang.

**Íðnskólinn** mun starfa í vet- ur. Verða nemendur milli 30 og 40.

**Tónlistarskólinn** var settur sl. laugardag. Ingibjörg Stein- (Framh. á bls. 7)

## BRÁÐKVADDUR

Í GÆRMORGUN lézt sviplega að heimili sínu Hafnarstræti 41 Kristján Hallgrímsson ljós- myndari, en hann var maður á miðjum aldri, rúmlega fertug- ur. Hafði hann farið um kl. hálf átta fram í eldhús að hita sér morgunkaffið, en er komið var í eldhúsið skömmu síðar, lá hann örendur á gólfinu. Ekki var fullkunnugt um dánaror- sök, er blaðið hafði fréttir af þessum atburði, en sennilega hefur Kristján orðið bráðkvadd ur.

## TOGARARNIR SELJA ERLENDIS

ÞRÍR togarar ÚA hafa undan- farna daga selt afla sinn í Grims by. Kaldbakur seldi þar 7. okt. 150 tonn fyrir 8587 pund, Hrímbakur 8. okt. 108½ tonn fyrir 8444 pund og Svalbakur 14. okt. 140½ tonn fyrir 9975 pund. Harðbakur selur væntanlega í dag í Þýskalandi.




Ekki hafa blaðinu borizt neinar veiðiskýrslur frá sumrinu, þ. e. í ám og vötnum landsins, en hér á myndinni er Kjartan Stefánsson á Vatnsenda í Ljósavatnsskarði með 16 bleikjur, er hann veiddi á stöng á nokkrum mínútum einn góðviðrisdag í sumar. — (Ljósmynd: Bára Aðalsteinsdóttir).



# Eiríkur Sigurðsson

skólastjóri Oddeyrarskólans varð sextugur þann 16. þ. m. Þann dag heimsóttu hann margir, samstarfsmenn hans í skólamálu bæjarins, vinir og reglusystkini, og honum bárust góðar gjafir, blóm og fjöldi heillaskeyta. Var mjög ánægju-



DAGHA

legt að koma á heimili þeirra hjóna, Hvannavelli 8, því þar er myndarlegt um að litast, hjónin samvalin í frjálstri og alúðlegri framkomu, hispurslausri en innilegri. Á frú Jónína Stein þórsdóttir, kona Eiríks, sinn þátt í því, enda eru þau bæði félagslynd og starfa mikið að menningarmálu á því sviði, þar sem um líkn er að ræða eða uppeldi æskunnar, og sjálf hafa þau alið upp tvö fösturbörn.

Eiríkur hefur starfað mikið innan góðtemplarareglunnar, sérstaklega fyrir æskuna, og er nú umdæmisgezlumaður ungtemplara. Hann hefur tvívegis átt sæti í framkvæmdanefnd Stórstúku I.O.G.T. Hann hefur um langt skeið veitt forstöðu stærstu barnastúku þessa bæjarfélags, gefið út og samið bækur, sem börnum hefur verið fengur í og einnig handa þeim eldri um dulræn efni, en þau mál eru, ásamt reglumálanum, hans hjartans mál.

Eiríkur var lengi yfirkennari við Barnaskóla Akureyrar, en þegar Oddeyrarskólinn var stofnaður, varð hann skólastjóri hans, og þetta er mikill og vaxandi skóli, sem hann veitir örugga forstöðu, því Eiríkur hefur jafnan vaxið með þeim hlutverkum, er honum hafa verið falin. Veit ég að Oddeyrarskólinn er í góðum höndum, sem og aðrir barnaskólar bæjarins, og samleðst Eiríki með hið veglega og vaxandi hlutverk í ríki æskunnar, því skóli hans er vegleg bygging, sem enn er ekki tekin öll í notkun, en er þegar sjáanlega mikil þæjarþrói og stolt Oddeyrar.

Við Eiríkur höfum um áratugi starfað saman innan Reglu I.O.G.T., og hefur það samstarf

verið með ágætum. Á ég margar góðar minningar frá því starfi og er honum þakklátur fyrir frjálslýndi hans og stefnufestu, því hann er fljótur að átta sig á nýjum viðhorfum, og hugsjónir eru honum í blóð bornar og hagamæltur er hann, sem fleiri góðir Austfirðingar, enda hefur hann dalaði á góðum skáldskap, en „róm er sú taug er rekka dregur, föðurtúna til“ og munu hin eldri austfirzku skáld vera honum hjartfölgnum.

Við samstarfsmenn þínir í stúkunnni „Brynju“ óskum þér sérstaklega allra heilla á þessu sérstaklega þínu og óskum þér, þinni ágætu og samhentun og heimili þínu guðs blessunar um ókomin ár.

Stefán Ágúst.

## Viðskiptavinirnir á öllum aldri

(Framhald af blaðsíðu 8).

— Eru það ekki aðallega börn, sem kaupa af ykkur?

— Nei, það er fólk á öllum aldri. Sumir kaupa óunnid efni til heimilisþarfa eða til að vinna úr gjafir, og sumir gefa börnum hráefni til þess að þau geti unað við að vinna úr því sjálf.

— Og er þetta eingöngu hráefni til tómstundaföndurs, sem þið verzið með?

— Nei, auk þess og hinna lifandi dýra, sem gjarna mættu vera af fleiri tegundum, — en erfitt er að fá, — höfum við allmikið af leikföngum fyrir börn á ýmsum aldri og svo sérstaklega skátábækur og annað það, sem skátar þurfa á að halda.

— Hvernig gengur verzlunin?

— Það er alltaf nóg að gera hjá okkur. Og við reynum að færa út kvíarnar smátt og smátt, auka við vörutegundum, einkum til tómstundaidju, en enginn getur búizt við að hafa alltaf tiltæka hverja þá vöru, sem um er spurt.

J.



## LÍKADI BETUR SJÓMENNASKA EN HJÁSETA

(Framh. af bls. 1)

Fjórður. Hef oft fengið vont á sjónum en ekki lent í lífsháska að ég tel.

**Fótbrotnaði illa.**

— Já, ég hélt mig alltaf á sjónum eða sem næst honum, þangað til sumarið 1953, að ég fótbrotnaði illa á Jörundi, þegar við vorum á sildarvertíð fyrir norðan. Má telja, að sjómennsku minni hafi þá að mestu verið lokið, utan hvað ég hef farið einstöku sinnum í eina og eina veiðiferð á togara eins og ég nefndi áðan.

— Áttirðu lengi í slysinu?

— Já, ég dvaldi á sjúkrahúsum hér og syðra hátt á annað ár, og var enn lengur ófær til vinnu.

— Hvað hefur þú starfað síðan?

— Fyrst vann ég hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, síðan hjá Slippnum, en gerðist fyrir þrem árum starfsmaður við Klæðaverksmiðjuna Gefjunni. Vinn ég þar enn fullan vinnudag og stundum meira. Þá hef ég annazt næturvörzlu á Fossunum og Fellunum, er þau skip liggja hér í höfn.

— Varla vinnur þú fulla dagvinnu með næturvöktunum?

— Jú, sé það aðeins nótt og nótt í einu, en liggji skipið tver eða fleiri nætur hér í höfn, hvíli ég mig hálfan daginn.

— Hefurðu baga af slysinu enn?

— Já, mikinn. Fóturinn bólgar mikið, þegar ég þarf að standa lengi í hann.

**Hættur á dansgölfinu.**

— Má ég spyrja þig, Vigfús, af því ég hef sjaldan séð þig sitja af þér dans, þar sem ég hef verið með þér á spilakvöldi eða skemmtisamkomum: Dansar þú enn hvern dans, sem dansaður er á slíkum kvöldum?

— Nei, ég er alveg að hætta eða hættur. Þreytist í hinum brákaða fæti og fæ verkei í hann. Heilbrigði fóturinn er líka farið að láta sig í gömlu dönsunum.

— Þú hafðir gaman af að dansa?

— Já, það var mín aðalánægja. Byrjaði ungur að dansa og dansaði mikið alla tíð. Sat mig aldrei úr færi. En allt tekur enda.

— Varstu nokkuð í rokkinu eða öðrum þessum nýrri?

— Nei, ég hélt mig við þá gömlu eingöngu og gáfust þeir vel.

Í einu félagi.

— Þú hefur snemma gengið í Alþýðusamtökin?

— Nei, ég var orðinn gamall maður, er ég gekk í Sjómannafélag Akureyrar, en þar var nafn mitt strikað út, er ég fór

að vinna á Gefjun. Hef ekki gengið í önnur stéttarfélag síðan og lítið fengið við félagsmálastörf um ævina. Held ég sé aðeins í einu félagi, — Sjálfstæðisfélagi Akureyrar.

—

Lífsförunautur Vigfúsar (og frænka hans), Sigrún Gísladóttir frá Ytri-Vík á Árskógsströnd, hefur borið okkur kaifi. Við höldum áfram að rabba saman um það, sem á daga húsbóndans hefur drifið. Hann segir okkur frá því, er hann, 18 ára gamall, bjargaði 8 lömbum úr sjálfheldu í fjallinu upp af Látraströndinni, sem færir fjallamenn höfðu gengið frá. Sjö lömbunum kom hann lifandi heim og hlaut eitt þeirra í björgunarlaun. Hann segir okkur frá erfidóm ferðum eftir lækni eða ljósmóður, bæði á sjó og landi og minnist skemmtilegra átíva frá vist sinni hjá Kristni Havsteen kaupmanni og fleiri húsbændum. Hann kveðst alltaf hafa verið heilsuhaustur og ekki legið í farsóttum, né dvalið á sjúkrahúsum nema tvívegis vegna brota á sama fæti.

Þau hjónin gengu í það heilaga árið 1917, og hefur Vigfús „bónaárið“ yfir konu sína, en því hefur þótt vel fara á. Ekki verður heldur annað séð, en að vel fari á með þeim hjónum í vistlegum húsakynnum á Oddeyrinni. Hingað til Akureyrar fluttu þau árið 1942.

Við kveðjum hjónin með þökkum fyrir veitingar og viðtal og förum af fundi þeirra nokkurs fróðari um lífsbaráttu alþýðufólks við Eyjafjörð á fyrstu áratugum 20. aldar.

J.

## PREDIKANIR ...

(Framhald af blaðsíðu 5).

samhlíða forðæminu á heimilum um, ekki með linnulausum predikunum, sem oft verkuðu öflugt, heldur yrðu þar að koma nýjar og vinsælli aðferðir til. Sverrir tók mjög í þann streng og taldi mikla þýðingu hafa, að félagslíf skólanna gæti á hverjum tíma sem best fullnægt skemmtanabörf unglínganna, er þá sæktu, auk þess sem aðstandendur þeirra heima vönduðu forðæmið, sem þau gæfu þeim. Þórarinn skólameistari kvaðst viðurkenna þenna vanda, en oft væri meira úr honum gert en efni stæðu til. Ungir stúdentar færu nú unnvörpum til fjarlæggra þjóða til að afla sér framhaldsmenntunar og kæmu nær allir þaðan með góð próf. Væri það meira en hægt væri að segja um Hafn arstúdentana á árum áður, sem margir hefðu drukkið sig frá námi og prófum.

## SMAAUGLÝSINGAR ÍSLENDINGS

### KAUP - SALA - LEIGA

**LANDROVER-BIFREIÐ**, árgerð 1962, vel með farin — keyrð að eins 13 þús. km., til sölu.

Torfi Leósson, sími 2655.

### KJÓLFÖT,

óslitin, á meðalmann, hentug fyrir kórffélag, til sölu á sanngjörnu verði í Gufupressun Akureyrar.

### DÖKKBLÁ JAKKAFÖT

óslitin, á meðalmann, til sölu ódyrt í Gufupressun Akureyrar Skipagötu.

### TIL SÖLU:

**AUSTIN GIPSY** árgerð 1963.

Uppl. í síma 1437 milli kl. 5 og 7 e. h.

### HÚSNÆÐI

Vil kaupa **ÍBÚÐ** eða **EINBÝLISHÚS** Má gjarnan vera í byggingu, fohkelt eða lengra á veg komið.

Kári B. Jónsson, sími 2844 og 2099 eftir kl. 7.

### ATVINNA

**AFGREIÐSLUSTÚLKUR** vantar nú þegar eða um mánaðamótin. **AKUREYRAR APÓTEK**

### ÝMISLEGT

#### ALLIR-EITT

**KLÚBBURINN** hefur starfsemi sína í Alþýðuhúsinu 1. vetrardag, 26. október, kl. 9 e. h. Miðasala á sama stað fyrir fasta meðlimi fimmtudaginn 24. október kl. 7-9 e. h. og nýja meðlimi föstudaginn 25. okt. kl. 7-9 e. h. Stjórnin.

Drekkid kaffi í **CAFÉ SCANDIA** Opíð kl. 8-23.30.

**LESSTOFA** Þýzk-íslenska félagsins, Geislagötu 5 (efstu hæð), verður opin framvegis á þriðjudögum og föstudögum frá kl. 20-22. Auk bóka, blaða og tímarita verða lánuð segulbönd með ýmis konar tónlist.